

Lög FFM

- 1. grein

Félagið heitir Foreldrafélag Myllubakkaskóla í Keflavík.

- 2. grein

Markmið félagsins er að vinna að velferð nemenda og efla hag skólans. Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.

- 3. grein

Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því:

- a) Að halda fundi/fyrirlestra, þar sem fjallað er um ýmis uppeldisfræðileg efni, í samstarfi við FFGIR.
- b) Að skipa 3 bekkjarfulltrúa innan hvers bekkjar sem hafa yfirumsjón með bekkjarstarfi. Einn þeirra skal vera tengill við stjórn.
- c) Að stjórn félagsins boði bekkjarfulltrúa til sameiginlegs fundar, a.m.k. einu sinni á hverri önn.
- d) Að styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans.

- 4. grein

Stjórn félagsins skipa 7 foreldrar/forráðamenn, þar af einn úr foreldraráði. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Aldrei skulu fleiri en 4 ganga úr stjórn í einu.

- 5. grein

Félagsstjórn skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.

- 6. grein

Stjórn félagsins skal kosin til eins árs í senn.

- 7. grein

Aðalfundur skal haldinn að vori og skal boðaður með minnst viku fyrirvara.

Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

- 8. grein

Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

Maí 2011